

LEIKUR AÐ LÆRA

Skýrsla um þróunarverkefni í Leikskólanum Bakka árið 2013-2014



Arna Prándardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	- 3 -
Fræðilegur bakrunnur.....	- 4 -
Markmið	- 5 -
Lýsing á verkefninu.....	- 7 -
Gengi verkefnisins og framtíðarsýn	- 11 -
Heimildaskrá	- 13 -
Fylgiskjöl.....	- 14 --22

Inngangur

Skýrslu þessari er ætlað að greina frá þróunarverkefninu „Leikur að læra“ sem átti að hefjast haustið 2013 en komst ekki á fullt skrið en fyrr en eftir áramót. Verkefnið varð til vegna áhuga starfsmanna á læsi í víðum skilningi, þörfina fyrir að gera eitthvað nýtt og spennandi og koma með ferskan blæ inn í starf leikskólans. Verkefnið sneri í fyrstu aðallega að elsta árgangi leikskólans og kom að einhverju leiti í stað svokallaðra elstubarna verkefna sem verið höfðu í hávegum um áratuga skeið. Þegar leið á verkefnið voru yngri börnin dregin inn í og áttu fullt erindi í verkefni sem þetta. Vonin er sú að okkur takist að gera verkefni eða námsefni sem höfða til allra aldurshópa innan leikskólans.

Verkefnið var styrkt af Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir.

Leikskólinn Bakkaberg er staðsettur í Reykjavík en hefur tvær starfsstöðvar önnur er í staðarhverfinu í Grafarvogi og heitir hún Bakki. Hin er staðsett á Kjalarnesi og heitir Berg. Berg byrjaði með okkur í verkefninu en náði ekki að festa það í sessi og því verður eingöngu fjallað um verkefnin og vinnuna sem unnin var á Bakka.

Fræðilegur bakrunnur

Hvað er læsi? Hugtakið læsi (literacy) er komið úr latínu og merkir táknsetning með bókstöfum. Merking þess er víðtæk, en það vísar allt í senn til lesturs, ritunar og lesskilnings. Það að vera læs felst í því að einstaklingar geti nýtt sér lestur, lesskilning og ritun í daglegum viðfangsefnum. Læsi byggir í meginatriðum á eftirfarandi þremur þáttum:

-Lestækni er færni sem hver einstaklingur þarf að læra og þjálf og byggir á því að þekkja bókstafina og hljóð þeirra af öryggi til að vera fær um að lesa hratt og fyrirhafnarlaust úr bókstafstáknum ritmálsins.

-Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum, tilgangi og markmiði.

-Ritun og stafsetning er færni sem byggir á öllum þáttum tungumálsins. Að grunni til reynir stafsetning mjög á hljóðkerfisþáttinn, einkum færni við að sundurgreina hljóð orðanna til að vera fær um að kortleggja þau með réttum bókstöfum. (<http://lesvefurinn.hi.is/lestur>)

Við köfuðum mjög vel ofan í hugtakið læsi og sáum að læsi er ansi vítt hugtak og við einblíndum á læsi í víðum skilningi þess orðs. Lengi hefur læsi verið tengt við þá færni sem fólk þarf að búa yfir til að geta fært hugsun sína í ritað mál, skilið það og lesið (Aðalnámsskrá Leikskóla, 2011:16). Mjög ung skilja börn grunnhugmyndina um tilgang og eðli læsis en ná ekki tökum á þeim færniþáttum sem þurfa að vera til staðar svo eiginlegur lestur hefjist fyrr en síðar á lífsleiðinni. Málhvetjandi umhverfi er nauðsynlegt fyrir börn og mjög ung byrja þau að skoða umhverfi sitt og reka augun í alls kyns tákn og merki. Ritað mál í umhverfinu verður því áhrifavaldur, varðandi örvun og löngun barnanna til þess að læra að lesa. Það er talið mjög mikilvægt að kynna bækur og lesa sögur fyrir börn.

Við reyndum að fá foreldra í lið með okkur og efla lestur á heimilunum líka. Börn sem mikið er lesið fyrir og lesið er í kringum virðast fyrr gera sér grein fyrir lestri og áhugi þeirra á að gera sjálf kviknar fyrr. Foreldrar af erlendum uppruna voru hvattir til lesturs á sínu tungumáli. Þar sem alltaf er að koma betur og betur í ljós mikilvægi móðurmálsins.

Markmið

Meginmarkmiðið er að börn nái góðum árangri í læsi í víðum skilningi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi efnivið sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunarafl, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar í náminu og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða og annað.




Ávinningur af þátttöku foreldra nær út fyrir mörk læsis og námsárangurs. Rannsóknir sýna að börn foreldra sem taka slíkan þátt, sýna meiri félagslegan og tilfinningalegan þroska, þar með er talið aukið þol gegn stressi, meiri lífsánægja, betri sjálfstjórn, meiri færni til félagslegrar aðlögunar, betri geðheilsu, ofl. í þessum dúr. Ávinningurinn af þátttöku foreldra í námi barna sinna er óþrjótandi og mikilvægt að þessar upplýsingar nái til eyrna nútíma foreldra sem oft á tíðum gera sér á engan hátt grein fyrir mikilvægi sínu. Með tilliti til þess að enginn einn einstakur þáttur er talinn hafa eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda í skólanum og áhugi og stuðningur foreldra. Því ber foreldrum að líta á sig sem mikilvæga þátttakendur í námi barna sinna (Desforges og Abouchair, 2004).

Hlutverk okkar sem kennara er að koma þessum skilaboðum til foreldra og reyna eftir fremsta megni að virkja þau til þátttöku í leik og námi barna sinna.

Verkefnið okkar var ágætis

upphafspunktur að bættu samstarfi við heimilin og gaf okkur ríkari ástæðu til þess að vera í miklu og góðu sambandi við foreldra. Við vildum styrkja

málvitund barna og veita skipulega málörvun sem ýtti undir færni í íslensku.



Verkefnið okkar kom inn á marga grunnþætti Aðalnámsskrár leikskólanna og verða þeir helstu taldir upp hér að neðan.

Læsi: er einn af grunnþáttum Aðalnámsskrár, megin markmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.



Lýðræði: umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum.

Sköpun: Snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi.



Lýsing á verkefninu

Verkefnið fór hægt af stað haustið 2013 og eingöngu með elstu (2008) börnum leikskólans. Við settum svo aukinn kraft í verkefnið upp úr áramótum. Fyrsti gæðatextinn sem lagður var til grundvallar var bókin *Blómin á þakinu*. Sú saga hentaði mjög vel þar sem börnunum finnst hún skemmtileg og geta mörg hver hæglega sett sig í spor drengsins í sögunni. Bókin býður líka upp á marga möguleika, ýmiskonar úrvinnslu og fjölbreytt verkefni.

Við köfuðum mjög djúpt ofan í textann og krufðum hann til mergjar. Í sögunni mætast gamli og nýji tíminn sem varð endalaus uppspretta umræðna og möguleikarnir óþrjótandi. Mikil tilfinningasemi og ríkulegur orðaforði gerði okkur kleift að ræða og vinna með ólík form og ólíkar áherslur. Allt út frá sömu bókinni sem varð einhvers konar uppspretta gjörólíkra verkefna og spruttu fram alls kyns hugmyndir bæði frá kennurum en ekki síst nemendum. Við unnum með þessa bók fram að áramótum því stanslaust kom eitthvað nýtt og nýtt sem okkur langaði til að gera og skoða betur.

Við útbjuggum kennsluáætlun (sjá fylgiskjal 1) sem breyttist dag frá degi því áhugi nemenda leiddi okkur áfram í ólíkar áttir og út úr fyrirfram skipulagðri braut.

Við lögðum mikið upp úr orðaforðavinnu og stafainnlögn, sem skilaði sér ágætlega með 2008 árganginn en hefði mátt verða ennþá betri niðurstaða. Sem varð raunin með 2009 árganginn sem byrjaði í verkefninu á næst elsta ári og er það augljóslega munurinn sem við fundum fyrir. Við notuðum bókina *Lubbi finnur málbein* með til hliðsjónar og til að brjóta aðeins upp og dýpka stafainnlögn. Í Lubba eru lög sem fylgja hverjum staf/hljóði. Krakkarnir voru fljót að læra textana og sungu hástöfum með sem gerði þeim mjög gott og fengum við fregnir af því að þessi vinna hafi skilað sér upp í grunnskólann.



Dæmi um verkefni sem við unnum út frá sögunni *Grasið á þakinu*.

- Velja lykilorð
- Teikna persónu úr sögunni
- Para saman stafi og myndir
- ðemaverkefni um húsdýrin
- Vísur og þulur um dýr
- Skrifa stafina í lykilorðinu
- Læra hljóð stafanna
- Hópverkefni –teikna hús eins og þau voru í gamla daga og eins og þau er núna
- Leira stafi
- Stafasúpa
- Klippa og skrifa stafi
- Orðaforðavinna
- Sáning



Í upphafi árs 2014 komst verkefnið á fullt skrið og varð fastur liður í starfi leikskólans. Þá kom árgangur 2009 með í verkefnið og báðir árgangar unnu með sömu söguna til að byrja með en 2008 sigldi mjög fljótlega framúr og gerði flóknari og öðruvísi úrvinnslu. Þetta var bókin *Mamma er best*. Sagan er stutt og auðlesin og hentar því yngri börnum vel. Þrátt fyrir það er ríkulegur orðaforði sem býður upp á töluverða möguleika. Við náðum að halda okkur betur við námsáætlunina að þessu sinni en þó urðu nokkur frávik eins og gefur að skilja þar sem börn eru lifandi og hugmyndarík.

Dæmi um verkefni sem við unnum út frá sögunni *Mamma er best*.

- Velja lykilorð
- Stafainnlögn
- Leira stafi
- Klippa og líma stafi
- Teikningar

- Hópavinna
- Finna stafi í texta
(dagblöðum og
tímaritum)
- Orðaforðavinna

Vorönn 2014 fór einbeitingin aðallega í elstu börnin og var verkefnið í upphafi þróað með þeim þar sem við hugðumst láta *Leik að læra* taka við af svokölluðum elstu barna

verkefnum og koma að einhverju leiti í stað þeirra. En eftir því sem við urðum flinkari og vissum betur hvað við vorum að gera þá tókst okkur að miða verkefnin að breiðari aldurshópi. Þarna var verkefnið orðið nokkuð fastur liður í leikskólastarfinu en meiri áhersla var lögð á eldri börnin.

Okkur gekk mjög vel með elstu börnin strax frá upphafi en nokkrir hnökrar urðu á því að innleiða verkefnið með yngri börnunum. Verkefnið fór í sumarfrí með börnunum árið 2014 en á haustönn byrjuðum við af fullum krafti.



Sumarið 2014 fórum við á fullt og undirbyggjum okkur vel með það í huga að hafa *Leik að læra* mjög markvisst inni í „stundatöflu“ nemenda. Við notuðum þá önn til þess að útbúa verkefni og efnivið sem við hugðumst nota á haust –og vorönn. Fram að því hafði verkefnið verið fremur losaralegt nema hjá elstu börnum leikskólans.

Við fórum í smá upprifjun og tókum aftur söguna *Mamma er best* á hraðferð. Byrjuðum á að skoða kápuna og rýndum vel í textann. Völdum lykilorð og unnum hin ýmsu verkefni sem lesa má betur um í fylgiskjali 2. Við lögðum mikla á herslu á stafainnlögn og „ritun“ eins og hún er í leikskólanum og þróast frá kroti yfir í ritun eins og við þekkjum hana. Teikningar voru í hávegum hafðar í mörgum verkefna okkar sem vöktu gífurlega lukku hjá börnum og foreldrum.

Áherslur á læsi í námi yngri leikskólabarna

- Mál í daglegu tali
- Orð á athafnir
- Áhersla á bóklestur og skoða bækur
- Hugtök t.d afstöðuhugtök, tilfinningar o.fl.
- Litir og form
- Söngvar, vísur og þulur

Við ætlum að færa verkefnið ennþá neðar og taka yngstu deildina markvisst með í fjörið eftir áramót.

Áherslur á læsi í námi eldri leikskólabarna

- Samstöfur
- Rím
- Samsett orð
- Orðaforði
- Hugtakaskilningur t.d. afstöðuhugtök
- Hljóðgreining
- Hljóðtenging
- Ritun – krot, stafir, orð og jafnvel setningar (merkja teikningar sínar)
- Samræður

- Tal og hlustun
- Para saman hljóð og myndir
- Frásagnir bæði skriflegar, myndrænar og jafnvel leikrænar

Gengi verkefnisins og framtíðarsýn

Verkefnið fór hægt af stað eins og áður hefur komið fram. Sennilega vegna þess að við undirbjuggum okkur ekki nægjanlega vel fyrir fram. Hins vegar fór allt að ganga rosalega vel haustið 2014 og við greindum þá miklar framfarir hjá 2009 árgangnum. Verkefnið var sett markvisst inn í dagsskipulag deildarinnar og varð þá partur af starfinu. Núna er smá saman að festa sig betur og betur í sessi og eru við með fasta tíma einu sinni í viku en oft nýtum við tækifærið og hittumst oftar í sömu viku.



Á tímabilinu sem verkefnið stóð yfir notuðumst við við margar bækur. Í skýrslunni var einungis greint frá tveimur sem við notuðum lengi og með mismunandi hópum.

Verkefnið komst á gott skrið og varð fastur liður í leikskólastarfinu. Við munum halda því gangandi áfram og þróa það. Hugmyndin er að færa okkur smátt og smátt neðar í aldri og bæta yngri deildum við. Við sjáum fram á skemmtilega vinnu með yngstu nemendum leikskólans og úrvinnslan mun að sjálfsögðu vera í samræmi við aldur.

Okkur langar að draga allra yngstu börnin með og höfum við hugsað okkur að koma inn markvissari lestrarstundum og vinna okkur svo hægt og rólega upp í frekar úrvinnslu. Einfaldar bækur, stuttar setningar, einföld orðaforða vinna, krot og fleira.

Ætlunin var að láta *Leik að læra* koma í stað hefðbundnari elstu barna verkefna en fljótlega varð okkur ljóst að stærðfræði þátturinn yrði örlítið útundan svo við ákváðum að leyfa þeim verkfnum að fljóta með. Það gaf góða raun og eftir innleiðingu þess vorum við oftast með

elstu börnin tvisvar í viku í mismunandi fögum. Einnig byrjuðum við með svokallað flæði. Þar höfðum við ákveðnar stöðvar í boði þar sem þau völdu sjálf viðfangsefni hverju sinni. Þar kom lýðræðið sterkt inn.

Þeir foreldrar sem tjáðu sig um verkefnið voru mjög sáttir og foreldrar yngri barnanna biðu í ofvæni eftir því að þeirra börn fengju að taka þátt.

Heilt á litið erum við mjög ánægð með árangur verkefnisins og þá breytingu og fjölbreytni sem það hefur upp á að bjóða. Markmiðum og vilja okkar var náð með því að brjóta upp hið hefðbundna starf sem verið hafði í leikskólanum um árabil.

Heimildaskrá

Flouri, E. & Buchanan, A. (2004) Early father's and mother's involvement and child's later educational outcomes *British Journal of Educational Psychology*.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla. Reykjavík:
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Desforges og Abouchair (2003)

http://bgfl.org/bgfl/custom/files_uploaded/uploaded_resources/18617/Desforges.pdf

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Námsáætlun

Blómin á þakinu

Ingibjörg Sigurðardóttir – Brian Pilkington

Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla er meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

(Aðalnámsskrá leikskóla 2011).

Markmið:

1. Að nemendur kynnist ritmálinu
2. Að nemendur auki orðaforða
3. Að nemendur læri að vinna með stafi og hljóð stafanna a og g (lykilorðið: gras).
4. Ýta undir sköpunarkraft nemenda

1. hluti - Gæðatexti

Í upphafi er bókin skoðuð og spáð fyrir um innihald hennar. Áhugi nemenda vakinn. Lestur bókarinnar – þátttökulestur – upprifjun – umræður.

Sagan lesin fyrir nemendur. Áhersla lögð á að þau nái innihaldi sögunnar og umræður snúast aðallega um einstaka orð/hugtök og merkingu þeirra.

Kennarinn les söguna aftur fyrir nemendur, að hluta til eða alla. Sagan er lesin eins oft og þurfa þykir.

Dæmi um verkefni:

- Orð úr sögunni skoðuð sérstaklega og skrifuð upp á töflu og útskýrð.
- Rím

- Hópurinn endursegir söguna
- Þátttökulestur
- Kórlestur
- Umræður

2. hluti

Orð sem er í sögunni og valið í samræmi við þarfir nemendahópsins. Stafir orðsins eru notaðir í stafainnlögn og orðið er kallað lykilorð.

Stafur og hljóð. Stafirnir skoðaðir sérstaklega og skrifaðir bæði litlir og stórir, hljóð þeirra skoðuð og hvar þau myndast í munnum. Upplagt að nota bókina *Lubbi finnur málbein* til hliðsjónar.

Fleiri orð fundin þar sem stafirnir koma fyrir orðin nýtt í orðaskoðun og samstöfur rifjaðar upp.

Við reynum eftir fremsta megni að láta áhuga og leik barnanna ýta okkur áfram og finna út hvernig hann er best nýttur hverju sinni.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Dæmi um verkefni:

- Lykilorðið kynnt – *Gras* áhersla á A og G
- Stafirnir skrifaðir á töflu – börnin skrifa líka (spora fyrir þau til að byrja með, sérstaklega ef stafurinn er nýr fyrir þeim)
- Stafasúpa A og G
- Finna A og G í texta t.d. í dagblöðum og lita yfir
- Leira stafina

3. hluti

Úrvinnsla og enduruppbygging.

Dæmi um verkefni:

- Nemendur teikna mynd af persónu í sögunni.
- Nemendum skipt í hópa og þeir látnir teikna húsin hennar Gunnjónu (í sveitinni og borginni). Flottur vettvangur í umræður á nærumhverfinu „hvar búa börnin og hvernig eru húsin þeirra?“
- Flöskustútur (myndir úr bókinni notaðar og börnin draga mynd og leika, hinir giska á rétt).
- Hugtakakort t.d. dýrin. Nemendum skipt í hópa og hver hópur fær eitt dýr úr sögunni og útbýr hugarkort. Þarna gæti verið ákveðin þemavinna um húsdýrin.
- I-pad (t.d. leikrit)
- Vinna með tilfinningar og svipbrigði (t.d. hvernig leið Gunnjónu þegar hún fór úr sveitinni).
- Flétta inn í umhverfismennt, sá fræjum, appelsínusteinum og eplakjörnum eins og Gunnjóna. Fara út og lykta af grasi og mold, ímynda sér lyktina í sveitinni. „Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni“ (Aðalnámskrá leikskóla 2013).

Námsáætlun
Mamma er best
Björk Bjarkadóttir

Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla er meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

(Aðalnámsskrá leikskóla 2013).

Markmið:

5. Að nemendur kynnist ritmálinu
6. Að nemendur auki orðaforða
7. Að nemendur læri að vinna með stafi og hljóð stafanna D og I(árg. 2008 lykilorðið VANDI). M og A (árg. 2009 lykilorðið MAMMA)
8. Ýta undir sköpunarkraft nemenda

4. hluti - Gæðatexti

Í upphafi er bókin skoðuð og spáð fyrir um innihald hennar. Áhugi nemenda vakinn. Lestur bókarinnar – þátttökulestur – upprifjun – umræður.

Sagan lesin fyrir nemendur. Áhersla lögð á að þau nái innihaldi sögunnar og umræður snúast aðallega um einstaka orð/hugtök og merkingu þeirra.

Kennarinn les söguna aftur fyrir nemendur, að hluta til eða alla. Sagan er lesin eins oft og þurfa þykir.

Dæmi um verkefni:

- Orð úr sögunni skoðuð sérstaklega og skrifuð upp á töflu og útskýrð.
- Rím
- Hópurinn endursegir söguna
- Þátttökulestur

- Kórlestur
- Umræður

5. hluti

Orð sem er í sögunni og valið í samræmi við þarfir nemendahópsins. Stafir orðsins eru notaðir í stafainnlögn og orðið er kallað *lykilorð*.

Stafur og hljóð. Stafirnir skoðaðir sérstaklega og skrifaðir bæði litlir og stórir, hljóð þeirra skoðuð og hvar þau myndast í munninum. Upplagt að hafa bókina *Lubbi finnur málbein* til hliðsjónar.

Fleiri orð fundin þar sem stafirnir koma fyrir orðin nýtt í orðaskoðun og samstöfur rifjaðar upp.

Við reynum eftir fremsta megni að láta áhuga og leik barnanna ýta okkur áfram og finna út hvernig hann er best nýttur hverju sinni.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Dæmi um verkefni:

- Lykilorðið kynnt – *mamma* áhersla á M og A hjá börnum fæddum 2009 og D og I *vandi* hjá börnum fæddum 2008
- Stafirnir skrifaðir á töflu – börnin skrifa líka (spora fyrir þau til að byrja með, sérstaklega ef stafurinn er nýr fyrir þeim).
- Stafasúpa
- Finna M og A (2009) D og I (2008) í texta t.d. í dagblöðum og lita yfir
- Leira stafina
- Sögugrunnurinn nýttur að einhverju leiti

6. hluti

Úrvinnsla og enduruppbygging.

Dæmi um verkefni:

- Nemendur teikna mynd af persónu í sögunni.
- Nemendum skipt í hópa og þeir látnir teikna mismunandi útgáfur af mæðrum
- Flöskustútur (myndir úr bókinni notaðar og börnin draga mynd og leika, hinir giska á rétt).
- Hugtakakort t.d. hlutverk mæðra/feðra.
- I-pad (t.d. leikrit), bitsboard, stafavinna o.fl.
- Vinna með tilfinningar og svipbrigði (t.d. hvernig leið stráknum í bókinni, hvað hugsaði hann í ákveðnum aðstæðum).
- Flétta inn í umhverfismennt, skoða umhverfi persónanna og umhverfi okkar, hvað er líkt og hvað ekki.
- Söngvar – t.d. Litli tónlistamaðurinn
Sá texti gefur mikið tilefni til orðaforða umræðu og almennrar umræðu og svo er lagið líka svo skemmtilegt.
- Vettvangsferðir um hverfið skoða dýraríkið og finna drekahelli eða hreiður t.d.
„Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni“ (Aðalnámskrá leikskóla 2013).

Fylgiskjal 3

Sýnishorn af verkum nemenda





